


# EYSTRAHORN

14.tbl. 41. árgangur

20.apríl 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



Gleðilegt Sumar

# VORTÓNLEIKAR KARLAKÓRSINS JÖKULLS

Við erum hér í jöklanna skjóli og búum við þau forréttindi að vera umlukin náttúrufrægurð hvert sem augað eygir. Náttúran færir okkur aukinn kraft og er okkur hvatning til að gera betur í dag en í gær. Listamenn nútímans sem og til forna hafa notað umhverfið til listsköpunnar, hvort sem þeir hafa málað á striga, tekið á filmu eða ritað á pappír og stuðlað þannig að blómlegu menningarstarfi.

Karлакórinn Jökull er á fimmtugasta starfsári núna, en hann var formlega stofnaður í júní 1973. Þó hófust æfingar fyrr á því ári eða í janúar, og var krafturinn slíkur að fyrstu tónleikarnir voru haldnir það vor. Þetta eru því merkileg tímamót í svona félagsskap. Margir hafa komið að og lagt hönd á plóg, en mikil lukka er

yfir því að undirleikarinn okkar Guðlaug Hestnes hefur verið með kórnum síðan 1974, og ekki síðri lukka að eingöngu 2 hafa stjórnað kórnum, Sigjón Bjarnason var við stjórnvölinn þar til vorið 1992, en þá tók Jóhann Morávek við sprotanum og heldur á honum enn. Kunnum við þeim miklar þakkir.

Flestir kórmenn hafa á einhverjum tíma setið í stjórn kórsins og formennirnir verið fjölmargir, og allir skilað merku og góðu starfi fyrir kórin.

Karлакórinn Jökull hélt síðast vortónleika 2019 en svo komu Covid árin og var starf kórsins mikið litað af þeim hömlum og fjöldatakmörkunum sem voru í gildi hverju sinni. Segja má að við séum ennþá að vinna okkur til baka eftir það bakslag, einhverjir félagar komu ekki aftur til

æfinga en nýir hafa komið í staðinn.

Í öll þau 50 ár sem Jökull hefur verið starfandi hefur hann alltaf verið í góðu samtali við íbúa og fyrirtæki á starfsvæði hans, og ætíð verið tilbúinn til að taka þátt í allskyns viðburðum, og vil ég nota tækifærið hér að þakka öllum þeim einstaklingum og fyrirtækjum fyrir veittan stuðning.

Með bjartsýnina að vopni höldum við áfram inn í sumarið og hlökkum til komandi söngára með Karлакórnum Jökli

Sumarkveðja  
Gauti Árnason  
formaður Karлакórsins Jökuls



## Vortónleikar Karлакórsins Jökuls

Fimmtudaginn 20. apríl n.k. Sumardaginn fyrsta  
Heldur Karлакórinn Jökull Vortónleika sína í  
Hafnarkirkju kl 17:00



Fjölbreytt efnisskrá  
Aðgangur ókeypis

# Karлакórinn Jökull



Austurbraut 20 Sími: 662-8281  
Útgefandi: Eystrahorn ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Netfang: arndis@eystrahorn.is  
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126



Mynd/Þórður Sævar Jónsson

## LJÓÐ EFTIR ÞÓRÐ SÆVAR JÓNSSON

Ljóðskáldið Þórður Sævar Jónsson er fæddur og uppalinn á Akureyri en bjó á Hornafirði um stund þar sem hann starfaði við Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Þórður gaf nýverið út Endurminningar Guðjóns.R Sigurðssonar -Ævintýri og líf í Kanada þar sem Þórður safnaði saman sögum um leiðangur hans í gegnum lífið. Hann hefur sömuleiðis gefið út kverin Blágil og 49 kílómetrar eru upphalds vegalengdin mín og ljóðabókina Vellankötlu sem hlaut tilnefningu Máisstjórnunnar. Þórður gaf Eystrahorni góðfúslegt leyfi til þess að birta þessi ljóð eftir hann lesendum til skemmtunnar.

### forvitni

henni  
lék forvitni  
á  
að vita

hvort  
bananinn

á svefnsófanum

hefði  
kólnað

hvort hún

ætti  
að blása  
á bananann

sem kólnaði  
á svefnsófanum

hvort sér  
væri  
óhætt

að leggja sér  
til munns

bananann

sem kólnaði  
á svefnsófanum

### gott

horfi  
til himins  
og þarna  
er tunglið  
þúsundasta kvöldið  
í röð  
ogéggetsvosvarið það  
ég held  
að ég sé  
búinn að fá  
nóg af því  
held  
sveimér þá  
að því  
sé ofaukið  
að þetta  
sé bara  
komið  
gott

### 37.41 fm<sup>2</sup>

rifi ég  
allar síðurnar  
úr dagbókunum  
mínum  
og raðaði  
þeim saman  
myndu þær  
þekja gólflöt  
sem jafngildir  
stúdíóbúð

A-bústað

eða  
ærslabelg  
í minni  
kantinum

## ORÐALEIT

HELSINGI  
FLÓRÍDASKAGINN  
LEIÐTOGI  
GOLFKYLFA  
SÓL  
SUNDHETTA  
LÖGFRÆÐINGUR  
SUMAR  
BLÓMABEÐ  
GRASGRÆNA  
LÍMÓNÆDI  
GRILLKJÖT



Króm og hvítt ehf verður lokað  
frá 20. apríl til 26. apríl  
Vegna starfsmannaferðar

**Króm og hvítt**



Lifandi vatn  
Lifandi vatn með lífandi heilbrigði

**Dagskrá vikunnar**

Almennar samkomur  
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir  
fimmtudaga klukkan 19:30

VÖ HIÖKKUM ER AÐ SJÁ ÞIG

Jesús segir:  
Ei nokkur þyrstir þá komi hann  
til mín og drekki.  
Þá hefur Jesús sem erar á milli  
munu renna  
taktu lífandi vatni

Instagram, Facebook icons

# HUMARHÁTÍÐ 2023

22. - 25. JÚNÍ  
Taktu helgina frá!



**PARKET**



**FÓKUS**

Fylgstu með uppfærslum á  
dagskrá á samfélagsmiðlum!

 **humarhatid**

 **Humarhátíð á Höfn**

**VILTU TAKA ÞÁTT?  
HAFÐU SAMBAND!**  
[humarhatidarnefnd@gmail.com](mailto:humarhatidarnefnd@gmail.com)

## Þakkir



Innilegar þakkir til allra sem  
sýndu okkur vináttu og hlýhug  
við andlát og útför móður okkar,

**Sigríðar Steingrimsdóttur.**



Sérstakar þakkir til starfsfólks á Skjólgarði fyrir  
góða ummönnun.

Steingrímur Snorrason,  
Bjarni Snorrason.

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA



Nóg um að vera hjá félaginu

**19.apríl miðvikudagur** Síðasti  
vefrardagur

Spilað um **EKRU** meistarann í Hornafjarðarmanna  
kl 20.00 í Ekru. Stjórnandi Albert Eymundsson  
**Miðaverð 1.500,-**

**21.apríl Föstudagur Samvera í Ekru kl. 15.00**  
**(ath ný tímasetning)** Þóra Sigríður Ingólfsdóttir  
forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands verður  
með erindi þar sem hún kynnr vefinn ,ISLAND Á  
FILMU og sýnir gamalt kvikmyndaefni frá Höfn og  
nærbyggjandi sveitum frá því um 1950. Allt efnið  
tekið af Vigfúsi Sigurgeirssyni.

Frítt inn og allir velkomnir

**23.apríl sunnudagur.**Fögnum sumri með  
**Vöfluballi í Ekru frá kl. 15-17.** Hljómsveitin  
Ekrubandið leikur og syngur. Kaffi og vöflur með  
sultu og rjóma. Komum saman og fögnum sumri  
með kaffispjalli, tónlist og kannski smá dans.  
Upplagt að taka með sér börn og barnabörn  
og hafa gaman saman. **Miðaverð aðeins 1.000,-**

**Gleðigjafar Kór eldri Hornfirðinga** halda  
vortónleika sína **1. Maí í Hafnarkirkju kl. 17,00.**  
Ljúf og skemmtileg lög og stemning í bland.  
Stjórnandi Guðlaug Hestnes. **Miðaverð kr. 2.000,-**  
**(ekki posi)**

**Mætið vel og gleðjumst saman því nú er vorið  
komið**

# SÉRA FJALARR SIGURJÓNSSON



Mynd/Beta og Fjalarr á níraðisafmæli hans árið 2013.

Séra Fjalarr Sigurjónsson lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí hinn 27. mars síðastliðinn, á hundraðasta aldursári. Hann fæddist á Kirkjubæ í Hróarstungu 20. júlí 1923 og þar ólst hann upp. Foreldrar hans voru Anna Þ. Sveinsdóttir og séra Sigurjón Jónsson. Fjalarr var einn sex barna þeirra hjóna, fimm komust upp, af þeim er nú aðeins Máni organisti á lífi.

Eiginkona sr. Fjalars var Beta Einarsdóttir hjúkrunarkona

(1923-2018). Börn þeirra eru Anna og Máni. Barnabörnin urðu sex, af þeim eru fimm á lífi. Barnabarnabörnin eru níu talsins.

Sr. Fjalarr lauk guðfræðinámi við Háskóla Íslands árið 1952 og vígðist til prestsþjónustu í Hríseyjarprestakalli sama ár. Þangað fluttu þau hjón með dótturina unga og þar fæddist þeim sonurinn. Þau bjuggu í Hrísey í ellefu ár en tóku sig þá upp og settust að á Kálfafellsstað í Suðursveit

haustið 1963. Sr. Fjalarr þjónaði Kálfafellsstaðar - Brunnhóls - og Hofskirkjusöfnuðum frá 1963 - 1989 og einnig Bjarnanesprestakalli í aukþjónustu frá 1971-1974. Hann var stundakennari í Mýraskóla 1963-1967, í hreppsnefnd Borgarhafnarhrepps í 20 ár og 22 ár í Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu. Svo var hann meðal stofnenda Karlaðsins Jökuls og söng með honum um árabíl. Eflaust minnst margir hans og Betu fyrir þátttöku þeirra í ýmsu félagsstarfi í sýslunni.

Þau hjón fluttu til Reykjavíkur haustið 1989 og bjuggu á Langholtsvegi 39. Þar bjó sr. Fjalarr einn síðustu árin en flutti á Skjól 30. desember síðastliðinn. Hann hafði fótavist og hugsun skýra uns hjartað gaf sig á hans hinstu stund.

Sr. Fjalarr var elstur presta á Íslandi þegar hann lést. Hann var kvaddur frá Áskirkju í Reykjavík 17. þessa mánaðar, en þann dag hefði Beta orðið 100 ára. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Gunnþóra Gunnarsdóttir

## GLEÐILEGT SUMAR

Heyrum vel í sumar,  
sumarkveðjur frá Heyrn í Kópavogi



Lyfja Höfn auglýsir eftir starfsmanni í sumarafleysingar, vinnutími eftir samkomulagi. Þarf að vera með góða þjónustulund og tala íslensku.

Upplýsingar gefur Ásdís umsjónarmaður útibús Lyfju Höfn í síma 4781224 eða

asdis@lyfja.is



# BETUR GERT, FLOKKAÐ OG MERKT

Í upphafi árs tóku gildi ný lög um meðhöndlun úrgangs á Íslandi sem eru gjarnan kölluð hringrásarlögin. Í þeim er meðal annars kveðið á um að flokka eigi í fjóra flokka við heimili og á vinnustöðum í þéttbýli og fleiri flokka á grenndarstöðvum. Auk þess verða merkingar samræmdar um allt land til að tryggja að við flokkum í takt.



Hvað þýða þessar breytingar fyrir íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði? Þær þýða til dæmis að:

- Nú munt þú geta flokkað úrganginn þinn á einfaldan og skilvirkan hátt.
- Nú munt þú flokka eftir sömu flokkunarmerkingum hvort sem þú ert í Sveitarfélaginu Hornafirði eða í Hafnarfirði.
- Nú munt þú fljótlega borga lægra gjald fyrir úrganginn þinn með því að draga úr magni hans og flokka betur.

Það á að vera létt að gera betur í flokkun og endurvinnslu og með innleiðingu á hringrásarlögunum mun það verða einfaldara. Ekki seinna (umhverfis)vænna!

Hringrásarlögin skapa ramma fyrir okkur svo hægt sé að halda auðlindum okkar í hringrás. Samhliða betrubættu fyrirkomulagi við flokkun þurfum við þó einnig að huga að því hvernig við getum komið í veg fyrir myndun úrgangs og lágmarkað alla sóun. Rétt meðferð úrgangsaúðlindarinnar er allt í senn loftslagsmál, sjálfbærnimál og umfram allt spurning um heilbrigða skynsemi.

En hvaða breytingar er hér um að ræða?

## Flokkarnir sjö

Hringrásarlögin kveða á um skyldu til að flokka heimilúrgang í pappír og pappa, plast, matarleifar, málma, gler, textíl og spilliefni á heimilum og vinnustöðum. Við kveðjum ekki tunnuna fyrir blandaða úrganginn fyrir fullt og allt alveg strax þar sem ýmislegt þarf að rata þangað sem ekki á heima í flokkunartunnum s.s. bleyjur og ryksugupokar. Umfang hennar á þó að geta minnkað samhliða betri flokkun. Pappír, plasti, matarleifum og blönduðum úrgangi verður safnað við heimili og vinnustaði en textíl, málrum, gleri og spilliefnum verður safnað með öðrum hætti. Sveitarfélaginum er ætlað að útfæra leiðir við söfnun þessara úrgangsflokka. Bannað verður að urða eða brenna úrgang sem búið er að flokka enda er markmiðið að koma honum til endurnýtingar eða endurvinnslu. Urðun er úrelt þar sem hún er langversta aðferðin við meðhöndlun úrgangs.

## Borgað þegar hent er

Við lagabreytinguna eiga sveitarfélögin að innheimta gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs sem næst raunkostnaði. Með nýju fyrirkomulagi sem kallast „Borgað þegar hent er“ mun hvert heimili borga eftir magni og tegund úrgangs. Þau sem flegja minna

og flokka vel geta lækkað sinn kostnað fyrir meðhöndlun úrgangs. Breytingunni er ætlað að styðja við innleiðingu hringrásarhagkerfisins með hagrænum hvötum. Þannig má spara, umhverfið græðir en ávinningurinn er okkar allra!

## Sömu flokkunarmerkingar

Sömu merkingar á ílátum og tunnum fyrir úrgang verða að veruleika á árinu 2023 og er kannski sú breyting sem flestir landsmenn hafa beðið eftir. Flokkun úrgangs á að vera einföld og skilvirk og því hefur notkun á samnorrenum merkingum fyrir flokkunartunnur- og ílát verið lögfest. Þessar merkingar er einnig að finna á mörgum vöruflokkum sem sýnir á einfaldan hátt í hvaða flokk varan eða umbúðirnar eiga að fara að notkun lokinni. Rétt skal vera létt og létt að flokka rétt!

Allar tunnur innan sveitarfélagsins verða merktar með samræmdum merkingum frá FENÜR. Með samræmdum merkingum mun litur tunnunnar ekki skipta máli heldur aðeins merkingin á tunnunni. Almennt er reiknað með að tunnur undir pappír og pappa og plastumbúðir verði grænar að lit en tunnur undir blandaðan úrgang og matarleifar svartar eða dökk gráar.

## Innleiðing breytinganna

Innleiðing lagabreytinganna og aðlögun að kröfum þeirra mun eiga sér stað yfir allt árið á landinu öllu. Reiknað er með að nýtt flokkunarkerfi í Sveitarfélaginu Hornafirði komi með haustinu og að fjögur ílát verði við hvert heimili undir pappír og pappa, plastumbúðir, matarleifar og blandaðan úrgang.

Þó verður hægt að óska eftir innra hólfi undir matarleifar sem passar innan í hefðbundnar ruslatunnur. Með innra hólfinu þarf ekki að fjölga tunnum við heimili en vegna smæðar henta þau einna helst smærri heimilum. Innri hólf undir matarleifar verða því undantekning frá meginreglunni.

Helsta breytingin er því sú að pappír verður aðskilinn frá plasti og að þessum flokkum verði safnað í sitthvora tunnum. Á sama tíma verður óheimilt að setja málma í þessar tunnur. Áfram verður hægt að fara með málma og gler ásamt pappír, pappa og plastumbúðir á flokkunarbarinn við söfnunarstöðina á Höfn. Textíl og fatnaði verður áfram hægt að skila í gám Rauða krossins við N1 eða á söfnunarstöðina á opnunartíma og áfram verður tekið við spilliefnum á söfnunarstöðinni. Unnið er að því að finna hæfilegar lausnir til að koma til móts við þarfir íbúa í dreifbýli.



Samhliða breytingum á flokkunarkerfinu verður einnig gerð breyting á hirðutíðni. Í dag er öllum úrgangsflokkum safnað á þriggja vikna fresti. Reiknað er með því að matarleifum verði safnað á tveggja vikna fresti en pappír og pappa, plastumbúðum og blönduðum úrgangi á fjögurra vikna fresti. Þá munu heimili einnig fá bréfpoka undir matarleifar í stað grænu máispokanna þar sem að þeir jarðgerast mun betur en aðrar tegundir poka.

Á næsta ári er reiknað með að innleiða „Borgað þegar hent er“ við heimili með svokölluðum tunnugjöldum í stað fastra gjalda eins og nú er. Þá er greitt fyrir hverja tunnu í stað fastra sorphirðu- og sorpeyðingargjalda. Tunnur undir endurvinnanlegan úrgang verða ódýrastar en tunna undir blandaðan úrgang dýrust. Íbúum mun standa til boða að skipta núverandi tunnum undir blandaðan úrgang út fyrir smærri tunnu og þannig lækka eigin kostnað. Minna af blönduðum úrgangi þýðir lægri gjöld.

Á söfnunarstöð sveitarfélagsins er þegar notast við „Borgað þegar hent er kerfi“ en þar greiða allir sem koma með gjaldskyldan úrgang. Þann 1. mars tók ný gjaldskrá fyrir söfnunarstöðina gildi sem er ætlað að styðja við innleiðingu hringrásarhagkerfisins með hagrænum hvötum. Dýrast er að henda úrgang sem endar í urðun eða er kostnaðarsamt að meðhöndla. Ódýrast, og jafnvel gjaldfrjálst, er að koma með hreina endurvinnanlega úrgangsstrauma á söfnunarstöðina en þeim ber að halda aðskildum svo unnt sé að koma þeim í endurvinnslu.

## Allan hringinn

Nú í apríl fer af stað vitundarvakning undir merkjum verkefnisins Allan hringinn. Verkefnið er samstarf stofnana, sveitarfélaga, rekstraraðila í úrgangsjónustu og hagsmunasamtaka í atvinnulífinu en allir þessir aðilar eiga mikið undir því að innleiðing hringrásarlaganna gangi greiðlega fyrir sig. Markmið vitundarvakningarinnar er að kynna nýtt og betrubætt fyrirkomulag við flokkun úrgangs undir slagorðinu „Betur gert, flokkað og merkt“.

Íbúar eru hvattir til að kynna sér upplýsingar um breytingarnar á vefsíðunni úrgangur.is þar sem einnig má nálgast fjölbreytt og greinargott kynningarefni. Sömu leiðis má nálgast kynningarefni á síðunni flokkum.is en hún tekur mið af aðstæðum á höfuðborgarsvæðinu. Tökum komandi breytingum fagnandi og sameinumst um að halda dýrmætum auðlindum í hringrásinni – allan hringinn!

Stefán Aspar Stefánsson  
Verkefnastjóri umhverfismála

Þessi grein hefur verið aðlöguð að Sveitarfélaginu Hornafirði en hún er eftir Hugrúnu Geirsdóttur og birtist á Vísí þann 5. apríl 2023 undir sama titli. Hugrún er sérfræðingur í teymi hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun.



# SÖFNUN BROTAJÁRNS Í DREIFBÝLI



Dagana 2. – 9. maí mun Sveitarfélagið Hornafjörður í samvinnu við Hringrás ráðast í söfnun á brotajárni á lögbýlum innan sveitarfélagsins. Dagsetningar kunna að taka breytingum eftir umfangi verkefnisins.

Með verkefninu er eigendum lögbýla gert auðvelt fyrir að losa sig við brotajárn án endurgjalds. Ábúendur eða eigendur safna saman brotajárni af jörðum sínum á einn aðgengilegan stað sem svo verður sótt heim af Hringrás með kranabíl.

Íbúar geta óskað eftir hirðingu heim á hlað á eftirfarandi úrgangsflokkum:

- Bílflok og annað almennt brotajárn.
- Ryðfritt stál og ál
- Rafgeymar
- Rafmótorar
- Hjólbarðar

Það er mikilvægt að íbúar losi sig aðeins við ofangreinda úrgangsflokka við hirðingu og gæti þess að þeir séu ekki mengaðir af rusli. Verktaka er heimilt er að neita hirðu ef ofangreindir úrgangflokkar eru mengaðir af rusli eða

rukka viðkomandi fyrir förgunarkostnaði. Íbúar sem vilja nýta sér þessa þjónustu þurfa að skrá sig hjá sveitarfélaginu, ýmist í gegnum tölvupóst á netfangið [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is) eða í síma 470-8000.

Við skráningu þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

- Nafn þess sem óskar eftir þjónustunni, símanúmer og netfang.
- Nákvæm staðsetning (bær og svæði).
- Hvers konar úrgangi er áætlað að skila.
- Áætlað magn.

Í undantekningartilfellum geta íbúar óskað eftir því að fá gám til sín yfir nokkra daga og geta ýmist lestað hann sjálfir eða fengið aðstoð frá Hringrás. Óska þarf sérstaklega eftir slíkum gámum og þarf að taka fram stærð gáms (stór 30 m<sup>3</sup> eða lítill 20 m<sup>3</sup>) sem óskað er eftir og hvort óskað sé eftir þjónustu kranabíls við lestun. Ekki víst að hægt sé að verða við öllum slíkum beiðnum.

Þá mun íbúum einnig gefast færi á að losa sig við stærri hluti úr brotajárni sem komast e.t.v. ekki í gáma en óska þarf sérstaklega eftir flutningi á slíku brotajárni.

Pantanir þurfa að berast í síðasta lagi 27. apríl 2023.

**Aðalfundur Kex Framboðs**  
Aðalfundur Kex Framboðs verður  
haldinn þann 26. apríl kl. 20:30.  
Fundurinn fer fram í Nýheimum.

Heiðhúntin aðalfundarstörf  
á dagskrá.

Stjórn Kex



## APPELSÍNUGULA TREKTIN FYRIR MATAROLÍU


Fráveitukerfið er ekki ruslafata og í það á ekki að henda hlutum eða hella í það olíu- og fituríkum úrgangi. Því skulum við ekki setja steikingarfeiti, feitar sósur, majónes, smör eða önnur slík efni í vaskinn eða klósettið því þaðan renna þau í fráveituna. Fita stíflar leiðslur og hefur slæm áhrif á dælur og annan slíkan búnað í fráveitukerfinu.

Sveitarfélagið á nokkuð af olíutrektum en hlutverk þeirra er að safna allri olíu sem fellur til á heimilinu til endurvinnslu. Trektin er skrófuð á tóma plastflösku og hægt að geyma tappann af plastflöskunni í loki trektarinnar svo hann tynist ekki. Aldrei hella heitri olíu, fitu eða feiti í

flöskuna heldur gæta þess að vökvinn hafi kólnað áður. Þegar flaskan er orðin full er trektin fjarlægð og tappinn settur aftur á flöskuna. Flöskunni má svo skila á söfnunarstöð sveitarfélagsins við Sæbraut án endurgjalds.

Hægt er að nálgast appelsínugulu trektina í afgreiðslu Ráðhúss á meðan birgðir endast.





## Statistics about residents of foreign origin in the Municipality of Hornafjörður

**695**

People living in the municipality of Hornafjörður have foreign citizenship

That's about

**27,4%**

of the whole municipality

These people come from over

**51**

countries from all around the world

Distribution of the largest groups with foreign citizenship in the municipality



### Multicultural Council

In Hornafjörður we have a special council dedicated to matters concerning people of foreign origin. The council meets once every two months and welcome all suggestions and tips on how we can improve our municipality

Living in Hornafjörður Facebook-page "Living in Hornafjörður" is a Facebook page that posts information and events in other languages than Icelandic. We highly recommend that you follow the page to stay updated about news and events happening in the community



### Members of the Multicultural council:

Nejra Mesetovic, Goran Basarak, Bartosz Skrzypkowski, Matsupha Brynjulfsson, Ann Marie-Louise S Johnsson, Nikolina Tintor and Robertas Freidgeimas

Feel free to contact Anna Birna Elvarsdóttir, project manager of multicultural matters via [annab@hornafjordur.is](mailto:annab@hornafjordur.is) for any additional information



## Sumarstörf á Hótel Höfn



Við leitum að öflugum og jákvæðum ungu fólki á aldrinum 14-17 ára, til þess að aðstoða við ýmis verkefni hjá okkur í sumar, m.a. aðstoð í morgunverðarsal og aðstoða við þrif á herbergjum.

Einnig óskum við eftir hressum einstaklingi sem er 18 ára eða eldri til þess að starfa við uppvaskeið á kvöldin. Hentar einstaklega vel sem aukavinna

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast í móttöku okkar á Hótel Höfn, í síma 478-1240 eða á netfangi okkar [info@hotelhofn.is](mailto:info@hotelhofn.is)

Umsókn skulu berast fyrir 15.maí, á [hanna@hotelhofn.is](mailto:hanna@hotelhofn.is) eða mæta í móttöku Hótelins og fylla út eyðublað



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

### Sveitarfélagið auglýsir eftir ungmennum í vinnuskólann sumarið 2023

Ungmennir sem fædd eru 2007 – 2010 geta sótt um vinnu í vinnuskólanum. Boðið er upp á vinnu fyrir 2007 – 2009 árgangana frá kl. 9-12 og eða kl. 13-16, en 2010 árganginn frá kl. 9 – 12.

Vinnuskólinn stendur í u.þ.b. 8 vikur. Hefst 5. júní og lýkur 28. júlí.

Til að sækja um vinnu er best að fara inn á íbúagátt, fara inn á umsóknir og sækja um vinnu undir vinnuskólinn. Mikilvægt er að skrá allar upplýsingar.

Einnig er hægt að senda tölvupóst á [emilmoravek@hornafjordur.is](mailto:emilmoravek@hornafjordur.is) þar sem fram koma upplýsingar um nafn ungmennis, kennitala, heimilisfang, nafn foreldra, símanúmer, tölvupóstfang, bankaupplýsingar barns og hvenær viðkomandi vill byrja að vinna (tímabil) og hvaða vinnutíma er óskað eftir. Við hvetjum alla sem hafa aldur til að sækja um í vinnuskólanum.

*Umsóknarfrestur er til 15. maí n.k.*

Allar frekari upplýsingum gefur Emil Öm Morávek, s. 4708028 [emilmoravek@hornafjordur.is](mailto:emilmoravek@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

### Fjölbreytt afleysingastarf á Menningarmiðstöðinni

Menningarmiðstöðin auglýsir eftir starfsmanni í 100% starfshlutfall til sumarstarfa í júní – ágúst.

Starfið felst í afleysingu á bókasafni, þátttöku í barnastarfi, afgreiðslu og önnur tilfallandi störf.

Viðkomandi þarf að geta sýnt fram á lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulundaður og nauðsynlegt er að vera sjálfstæður í vinnubrögðum.

Laun samkvæmt kjarasamningum launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 10. maí

Umsóknir sendist rafrænt á netfangið [eyrunh@hornafjordur.is](mailto:eyrunh@hornafjordur.is). Frekari upplýsingar um starfið veitir Eyrún Helga Ævarsdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvarinnar í síma 470-8052 eða á [eyrunh@hornafjordur.is](mailto:eyrunh@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



### Velferðarsvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir sumarstörf við heimabjónustudeild

Laus eru sumarstörf í stuðnings- og virkniþjónustu við heimabjónustudeild. Starfið felur í sér aðstoð á heimilum einstaklinga við athafnir daglegs lífs með því markmiði að efla einstaklinginn til sjálfshjálpar ásamt því að veita félagslegan stuðning. Um vaktavinnu er að ræða.

#### Hæfniskröfur:

- Stundvísi, samvissusemi, sveigjanleiki, jákvæðni og frumkvæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.
- Bílpróf.

Umsóknir skulu sendar á netfangið [sigrídurhelga@hornafjordur.is](mailto:sigrídurhelga@hornafjordur.is). Nánari upplýsingar veitir Sigríður Helga Axelsdóttir forstöðumaður stuðnings- og virkniþjónustu. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í starfið óháð kyni.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## *Kjúklingur með Pad Thai sósu og vatnsmelónusalati* *Eftir Ástu Ásgeirsdóttur*



### Hráefni

Spínat  
Couscous  
Kjúklingabringur  
Pad Thai sósa  
Sólþurrkaðir tómatar  
fetaostur  
rauðlaukur  
cashewhnetur  
vatnsmelóna  
mynta  
salt og pipar

Ég þakka vinkonu minni Ingibjörgu í Björk (nú búsetta í Gautaborg) traustið. Áskorun í næsta blað sendi ég til svilkonu minnar Elísabetar Jóhannesdóttur sem ég veit að kemur með eitthvað spennandi eins og hún er vön.

### Aðferð kjúklingur

1. Spínat sett fyrst í botninn á eldföstu móti.
2. Couscous stráð yfir spínatið.
3. Kjúklingabringur skornar niður í bita, kryddaðar með salti og pipar og steiktar á pönnu.
4. Pad Thai sósu hellt yfir og látið malla smá stund,
5. síðan er kjúklingnum dreift yfir spínatið.
6. Yfir kjúklinginn eru svo settir niðurskornir sólþurrkaðir tómatar, fetaostur, rauðlaukur smátt skorinn og cashewhnetum.

### Aðferð melónusalat

1. Vatnsmelóna skorin í teninga, sítróna kreist yfir og látið standa í 10 mín.
2. Fetaostur, smátt skorin mynta og rauðlauk blandað saman við.

Magn eftir smekk hvers og eins.

Lumar þú á grein eða áhugaverðu efni í Eystrahorn ?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á  
[eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)

## SPURNING VIKUNNAR

*Hvað ætlar þú að gera í sumar?*



**Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnason**  
Ég veit ekki, vinna aðallega.



**Brynjúlfur Brynjólfsson**  
Skoða fugla



**Kristján V. Björgvinsson**  
Spila golf



**Eva Lind Ingvarsdóttir**  
Vinna



### Gerast styrktarvinur Eystrahorns

*Við viljum hvetja lesendur Eystrahorns að kynna sér styrktarvini Eystrahorns. Þeir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag, inn á reikning útgáfunnar. Hægt er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í einu eða eins og hentar hverjum og einum.*

[www.eystrahorn.is/askrift](http://www.eystrahorn.is/askrift)

*evenski and the comedy nomad proudly present*  
**Mike Rice & Victor Patrascan**

**an IRISHMAN  
& a ROMANIAN  
walk into a bar**

*stand up comedy in English*



**Sun, 28 May • 8:00 PM**  
**at Hafið • Höfn**  
**tickets • [theComedyNomad.com](http://theComedyNomad.com)**

scan for tickets

